


FORNLEIFASKRÁNING OG VETTVANGSKÖNNUN VEGNA LAGNINGU LJÓSLEIÐARA

- Fitjárdalur- Víðidalur/ Húnaþingi vestra -

Janúar 2017

Vala Garðarsdóttir
fornleifafræðingur
VG-fornleifarannsóknir



Fitjárdalur og Víðidalur Húnaþingi vestra

Efnisyfirlit

Inngangur bls. 3

Vettvangskönnun bls. 4

Niðurstaða bls. 4

Viðauki I bls. 5-8

Ljósmyndir bls. 9-13

Inngangur


Sveitarfélagið Húnaþing vestra fór þess á leit við VG-fornleifarannsóknir, að taka út á vettvangi fyrirhugaða ljósleiðaraleið í Fitjárdal- og Víðidal. Í Fitjárdal er fyrirhuguð leið frá bæjarstæði Hrísa að bænum Finnmörk sem liggur innarlega í dalnum. Í Víðidal er fyrirhuguð lagnaleið frá Bakka vestan Kolugljúfurs að Litlu-Hlíð (sjá kort 1).

(Sjá lagnaleið merkt inn á kort 1- minnkuð kort í viðauka I: 1a, 1b, 1c, 1d).

Samkvæmt lögum um menningarminjar er helgunarlína friðaðra minja 15 metrar en 100 metrar er varða friðlýstar minjar. Skilgreind leið var tekin út á vettvangi í þeim tilgangi að ganga úr skugga um að minjar væru á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Lagnaleiðin liggur að mestu meðfram vegi, yfir votlendi og þýfi. Samkvæmt heimildum (Túnakort, örnefnaskrá, byggðasaga) eru engar minjar innan helgunarlínu fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis.

Á vettvangi sáust heldur engar minjar á yfirborði innan skilgreindra marka helgunarlínu.



Kort 1. Fyrirhuguð lagnaleið í Fitjárdal og Víðidal í Húnaþingi vestra

Vettvangskönnun

Farið var á vettvang í september 2016.

Fitjárdalur

Gengið var frá bænum Hrísar og lagnaleið 1 og 2 tekin út.

Lagnaleið 2: er frá bænum Hrísum og til suðurs yfir valllendið (sjá mynd 1). Er yfir valllendið er komið heldur leiðin áfram meðfram veginum að veginum (sjá kort 1) að vestanverðu og að heimreið Efri-Fitja. Engar sýnilegar minjar voru á þessari leið.

Leið 1: liggur frá hitaveitulögn í landi Valdarás, um 600 metra norðvestan við bæinn (kort 1 og mynd 2).

Leiðin liggur þaðan suður eftir veginum að bænum Kambhóli (sjá mynd 3) og þaðan vestur yfir Fitjá og að bænum Efri-Fitjum. Leiðin liggur þar næst austan við veginn og að bænum Áslandi. Leiðin heldur þar næst áfram að bænum Fremri-Fitjum og loks að Finnmörk.

Á þessari leið eru engar sýnilegar minjar innan helgunarlínu.

Víðidalur

Fyrirhuguð lagnaleið í Víðidal liggur frá hitaveitulögn í landi Bakka að norðanverðu vestan Víðidalsár og meðfram slóða að Litlu-Hlíð sem liggur ofan Litlu-Hlíðarvegar undir Bakkabungu. Samkvæmt örnefnaskrá og Túnakorti eru engar minjar innan lagnaleiðarinnar. Engar sjáanlegar minjar voru innan helgunarlínu fyrirhugaðrar lagnaleiðar.

Athugasemd

Víðidalur á sér langa búsetusögu og þó sýnilegar minjar séu ekki innan lagnaleiðar eða þekktar minjar út frá heimildum, er þó mælt til að hafa skal vara á, ef og þegar framkvæmdir hefjast.

Niðurstaða

Leiðin er greið þar sem ætlunin er að leggja ljósleiðara í jörðu. Þær minjar sem skráðar eru sem og óskráðar minjar eru utan helgunarlínu. Engar friðlýstar minjar eru á svæðinu.

Virðingarfyllt,

Vala Garðarsdóttir


fornleifafræðingur

VG-fornleifarannsóknir

8639199/ vgfornleifarannsóknir@gmail.com

Viðauki I

Kort 1a, 1b, 1c og 1d.



Kort 1a- Víðidalur



Kort 1b- Fitjárdalur og Víðidalur



Kort 1c- Fitjárdalur frá Efri-Fitjum að Finnmörk



Kort d- Fitjárdalur að Valdarási

Ljósmyndir 1-11

Fitjárdalur



Mynd 1. Horft til suðurs frá bænum Hrísar



Mynd 2. Vegurinn að Valdarási



Mynd 3. Heimreiðin að bænum Kambhól



Mynd 4. Áætluð leið frá Kambhól og yfir að Efri-Fitjum



Mynd 5. Hlaða, turn og fjárhús austan við Finnmörk



Mynd 6. Fjárhúshóll við bæinn Finnmörk (utan helgunarlínu)



Mynd 7. Útihús við Efri-Fitjar (utan helgunarlínu)

Víðidalur



Mynd 8. Horft yfir Víðidalsá til austurs frá Bakka



Mynd 9. Áætluð leið meðfram Víðidalsá að vestanverðu



Mynd 10. Beitartún sunnan Bakka



Mynd 11. Litla-Hlíð, horft til vesturs